1873. 28. febrúar. fengið ýms skjöl og skilríki til skýringar bænarskrá nokkurri, þar sem Sigurður bóndi Jónsson á Möðrudal í Jökulsdalshrepp í Norðurmúlasýslu sækir um, að verða undanþeginn því, að greiða konungstíund af tèðri jörð, með tilheyrandi hjáleigum, og um að sèr verði borgað aptur það tíundagjald, sem hann þykist hafa goldið um of, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að eptirleiðis verði hvorki heimtuð konungstíund af jörðunni eða hjáleigunum, og skuli borga sækjandanum aptur það gjald, sem greidt sè í fardögum 1871 og 1872, að svo miklu leyti sem það sè komið í landssjóðinn, en sjötta part þann, sem hlutaðeigandi sýslumaður hefir tekið í innheimtulaun, skal hann borga aptur sækjandanum. Því skal við bætt, að málið að því leyti, sem það nær til þess, hvort það tíundagjald verði borgað aptur, sem greidt er fyrir árin þar á undan, er sent fjárhagsstjórninni til úrskurðar, með því það gjald er runnið í ríkissjóðinn.

---

28. febrúar. **17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þriggja skildinga frímerki.**

Samkvæmt uppástungu þeirri, sem komin er beina leið til stjórnarráðsins frá Óla Finsen, sem 29. júlí f. á. var skipaður póstmeistari í Reykjavík, hefir dómsmálastjórnin hlutazt til um, að gefin eru út þriggja skildinga frímerki með gráum lit, auk þeirra, sem getið er í 15. gr. í auglýsingu um póstmál 3. maí f. á.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það á þann hátt, sem bezt þykir henta, skal því við bætt, að Óli póstmeistari Finsen mun fá yður í hendur 250 arkir af fyrnefndum frímerkjum, þá er hann kemur til Íslands með póstgufuskipinu, sem leggur hèðan á morgun, og væntum vèr að fá kvittun yðar fyrir frímerkjum þessum.